

8. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í ráðhúsi Hrunamannahrepps, 31. október 2019 kl. 18:15

Fundarboð:

Á fundinn mættu: Sigurjón Snær Jónsson, Hanna Björk Grétarsdóttir og Arna Þöll Sigmundsdóttir. Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri var einnig á fundinum til þess að kynna fjárhagsáætlunina og verðskrá félagsheimilisins.

1. Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir 2020

Jón sveitarstjóri fór yfir þann hluta fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps sem snýr að menningar- og ferðamálum. Heilt yfir er hún svipuð og árið á undan. Áherslur eru ekki að breytast mikið og hefur nefndin ekki nein ný verkefni fram að færa að svo stöddu. Nefndin hefur engar athugasemdir við fjárhagsáætlunina og fékk skýringar á þeim spurningum sem hún hafði.

2. Verðskrá Félagsheimilis Hrunamanna

Ásamt fjárhagsáætluninni fylgdi verðskrá Félagsheimilis Hrunamanna fyrir 2020. Hún fær 2,5% hækkun og er það til samræmis við yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 3. apríl 2019 að sveitarfélög hækki gjöld sín að hámarki um 2,5% árið 2020 og minna ef verðbólga er minni. Í fyrra var 5% hækkun á henni sem var í samræmi við verðlag en þá voru einnig gerðar nokkrar breytingar uppsetningu hennar. Sigrún, forstöðukona Félagsheimilis, hafði þá nokkrar hugmyndir um breytingar. Núna verður bara þessi 2,5% hækkun. Nefndin gerir engar athugasemdir við þá breytingu.

3. Haustlitir

Ákveðið er að keppendur hafi út 5. nóvember 2019 til þess að skila inn ljósmyndum í keppnina. Sonja Margrét Ólafsdóttir hefur samþykkt að taka það að sér að vera í dómnefnd keppinnar. Ákveðið var á fundinum að hafa samband við Ívar Sæland í Reykholti sem og Jón kokk á Friðheimum til þess að vera einnig í nefndinni. Sonja og Ívar eru ljósmyndarar og Jón er mikill áhugamaður um ljósmyndir. Sigurjón Snær, formaður AFM nefndar, mun sjá um að kaupa verðlaun keppinnar og prenta út sigurmyndirnar.

4. KÍTÓN

Nefndin fékk svar frá Heru Björk, söngkonu, vegna fyrirspurnar um samstarf við KÍTÓN. KÍTÓN segist vera meira í hagsmunagæslu fyrir konur í tónlist en í að finna viðburði fyrir tónlistarkonur. Engu að síður telur Hera Björk tilefni til þess að skoða málið betur. Nefndin samþykkir að halda samtalinu við Heru áfram og reyna að komast að hugmynd sem allir geta haft gott af.

5. Gönguferðir í Hrunamannahreppi

Nefndin þyrfti við fyrsta tækifæri að tala við Kolbrúnu Haraldsdóttur og athuga hvort hún hafi áhuga á að taka aftur að sér gönguferðir í Hrunamannahreppi árið 2020. Ef ekki, þá þarf að finna einhvern annan í verkefnið.

Fundinum var svo slitið kl. 18:00.